



Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík 9. mars 2021
Tilvísun: 1911088/0.7.6

Efni: Tillaga um þingsályktun um þyrlupall á Heimaey – 144. mál

Landhelgisgæsla Íslands hefur áður sent umsögn um sams konar þingsályktunartillögu sem flutt var á 150. löggjafarþingi, 54 mál. Landhelgisgæsla Íslands ítrekar áður senda umsögn sína og styður fram komna tillögu um að þyrlupallur verði byggður á Heimaey. Þetta er afar brýnt öryggismál. Aðkallandi sjúkraflug sem Landhelgisgæslan hefur farið í síðastliðin ár skipta tugum og hafa þyrlur Landhelgisgæslunnar oft þurft að lenda við afar erfiðar aðstæður þegar flugvöllurinn er lokaður allri umferð. Það væri mikið skref í öryggisátt að þyrlupallur yrði settur upp, en það skiptir einnig miklu máli að tryggt sé að vel skilgreind þjónusta fylgi þyrlupallinum eins og sjálfvirk veðurstöð, ljósabúnaður og blindaðflug, til að tryggja góða nýtingu á þessari fjárfestingu. Þá er nauðsynlegt, eins og fram kemur í tillögunni að staðsetning þyrlupalls verði ákveðin í samráði við Landhelgisgæslu Íslands.

Virðingarfyllst,

Guðriður Margrét Kristjánsdóttir
Yfirlogfræðingur